

Veitingastarfsemin á við margvísislega erfiðleika að etja

STJÓRN Sambands veitinga- og gistihúseigenda ræddi í gær við fréttamenn um gistihúsavandræðin í höfuðstaðnum, áfengislöggjöfina og ýmislegt fleira, sem veldur erfiðleikum í veitingastarfsemi á Íslandi, þannig að ókleift hefur reynzt að skapa þá veitingahúsamenningu, sem sjálfsögð þykir erlendis í menningarþjóðfélögum.

Áfengislöggjöfin

Lúðvík Hjálmtýsson, formaður sambandsins, vakti athygli á áfengislöggjöfinni, en skv. henni er einungis heimilt að selja áfenga drykki á veitingahúsum, sem eru í flokki og mjög ríkar kröfur gerðar á því efni, þ.á.m. um fullkomna matsölu á þeim tíma, sem vin er veitt, og eru veitingar af eðlilegum ástæðum tiltölulega dýrar á þessum stöðum. Veitingahúsin, sem vinveitingaleyfi hafa, munu aðeins vera fjögur í Reykjavík. Þeir sem minni fjárráð hafa eða hirða ekki um mikið stáð í klæðaburði, leita því til annarra staða til skemmtunar, en það er á allra vit orði að menn eru bæði undir áhrifum þegar þeir koma á þessa svokölluðu þurru staði, og að þeir neyta í þukri á ólöglegan hátt. Venjulega er þetta vin keypt á svörtum markaði af leyni vinsölum. Sama er uppi á teningnum, þegar vinveitingahúsum er fyrirskipað að loka kl. 11.30. Þeir sem þar eru og vilja skemmta sér lengur leita þá gjarnan í heimahús, og aflla sér vínfanga hjá leynivinsölum. Á þennan hátt er beinlínis hvatt til lögbrota, sem hin mesta ómenn-ing fylgir.

Eru veitinga- og gistihúsa-eigendur óánægðir með þennan lokunartíma og telja einnig að þar sem vin er veitt á annað borð, ætti opnunartími vinsins á kvöldin að hefjast kl. 6 í stað 7, svo að samkvæmi geti byrjað fyrr. Telja þeir, að enginn veitingamaður né löggæzlan geti haft stjórn á því atferli sem að ofan er lýst, að óbreyttum lögum og í rauninni sé mesta fásinna að saka þessa aðila vegna þeirrar ómenningar, sem það hefur í för með sér. Veitingamenn telja af reynslu sinni einsýnt, að ekki verði ráðin bót á annan veg en þann, að heimila áfengisveitingar á dansskemmtunum í öllum þeim húsum, sem uppfylla sanngjörn skilyrði að því er aðbúnað og þjónusta varðar, og einnig að húsin megi vera opin þann tíma, sem menn vilja venjulega skemmta sér, þegar þeir á annað borð lyfta sér upp. Segja þeir ástandið ómótælanlega almennt óaðfinnanlegt í þessum efnum, í húsum sem veita vín, þó opið sé til kl. 1 og 2, eins og tíðkast í undantekningartilfellum.

Hótelskorturinn

Þá kom til umræðu hótelskorturinn í Reykjavík, og kváðu veitingamenn ekki vanalaust hve mjög hefði dregið að byggð væru ný hótél, svo að hægt væri að vinna ótullaða að því að gera Ísland að ferðamannalandi.

Einnig var rætt um hin mörgu mótuneyti, sem risið hafa upp í bænum og þurfa ekki að hlíta sömu reglum um hreinlæti og aðbúnað og veitingahúsin og sleppa að mestu við hinar háu skattgreiðslur, sem veitingahúsin greiða. Telja veitingamenn það vísaða veginn til að fyrirbyggja eðlilegan viðgang veitingastarfseminnar, ef löggjafinn yfir þannig undir fólk að forðast veitingahúsin í matartímanum með því að ívilna þeim, sem taka sig saman um ómenningu í matseldum og framreiðslu.

Þátttaka í norrænum og alþjóðlegum fundum

Samband veitinga- og gistihúseigenda er aðili, „International Hotel Association“ og sótti Pétur Danielsson fund þeirra samtaka í Brüssel á þessu ári og Þorvaldur Guðmundsson annan í Vínarborg í haust af hálfu ísl. veitingamanna. Sambandið er einnig aðili í Sambandi norrænna veitinga- og gistihúsa-eigenda, og hefur sú þátttaka orðið stóttinni til margvíslegs ávinnings. Á fundi norræna sambandsins í Kaupmannahöfn í sumar mætti Lúðvík Hjálmtýsson og Þorvaldur Guðmundsson. Skýrðu þeir fundinum m.a. frá högum ísl. veitinga- og gistihúsa-starfsemi og löggjöf þeirri sem hún á við að búa. Urðu upplýsingar þeirra tilefni þess, að tveir erlendu fulltrúanna fluttu tillögu á fundinum, sem sérstaklega snéri málefni Íslands. Var tillaga þessi send íslensku ríkisstjórninni og samgöngumála nefnd Norðurlandaráðsins. Er þar lögð rík áherzla á það, að betur og skynsamlegar verði að búa að veitingastarfseminni, svo að hún verði fær um að gegna því mikilvæga hlutverki að vera landsmönnum sjálfum til ánægju og þroska og útlendingum, sem landið sækja heim beinn vottur þeirrar menningar, sem hér ríkir.

Landhelgisþil komið út

BREZKT herskip tefst langa stund meðan skipherrann fletti upp í Biblíunni. Varðskipið fær tvö köst í röð. — Þannig hljóðar ein æskileg fyrirskiptun í landhelgisþilinu, sem nú fer eins og logi yfir akur í stað húla-hopp-gjardarinnar.

Landhelgisþilið er ein merk dægradvöl, sem nú er nýkomin á markaðinn. Kemur leikni þáttakenda fram í því, hver snarastur er að ná brekum landhelgis-brjóti og færa hann slysaust til íslenskrar hafnar. Fer baráttan fram á landhelgislinunni og er þar margt hindrana ekki síður en í hinni raunverulegu landhelgi.

Tíðindamanni Mbl. barst eitt landhelgisþil í hendur og hafði hann hugsað sér að kynna gangi þess og segja lesendum blaðsins frá því. Þakinn hafði þó ekki fyrr verið opnaður, en sendlarnir á ritstjórninni hreptu

Minningargjöf um Friðrik Á. Brekkan


MINNINGARGJÖF um Friðrik Ásmundsson Brekkan, rithöfund, hefur verið afhent form. Blindra-vinafélags Íslands 1. desember s.l.

Gjöf þessi, sem er kr. 10.000,00 er stofn að minningarsjóði um Friðrik Ásmundsson Brekkan, sem varið skal til hjálpar blindum. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsins sem tekur á móti gjöfum í hann og ávaxtar hann á sem hagfeldastan hátt.

Stjórn félagsins flytur gefend-um sínar innilegustu þakir fyrir þessa höfðinglegu gjöf og þann hlýhug sem þeir sýna starfsemi félagsins.

*Hugheilar þakir öllum þeim,
sem glöddu mig á sjötugsafmæl-
inu.*

Arni Óla.



„Fjallamjól“ eftir Kjarval.

Nýjar eftirprentanir frá Helgafelli

Í DAG koma á markaðinn fjórar nýjar eftirprentanir frá Helgafelli, tvær eftir Kjarval, Fjallamjól (Flosagja á Þingvöllum)

og Íslands er það lag, fantasía, Jón Stefánsson, Dagrenning við Hafbjarg (Erni), Gunnlaugur Scheving, Gamla búðin. Hér er um að ræða fjórar af stórmyndum þriggja úr hópi kunnustu málara okkar og úr hópi þeirra bestu verka. Þingvallamynd Kjarvals er prntuð í málverkabók hans, og er einstætt listaverk á Íslandi, fantasía hans Íslands er það lag, er ein þeirra mynda sem málariinn hefur unnið að í meira en áratug. Mynd Jóns Stefánssonar, Dagrenning, lauk listamaðurinn við 1957 og sýndi hana þá á

Grönningen í Danmörku, þar sem hún fékk þá dóma, að hún væri eitt af stórvirkjum norræns anda. Mynd Gunnlaugs Scheving, Gamla búðin, er einnig mjög sérstætt listaverk og talin ein af bestu myndum málara. Loks er vefnaðarmynd Ásgerðar Búadóttur, sú hin sama er frúin hlaut fyrir gullmedalíu á heimssýningunni í München 1956, en þar voru sýndir um 5000 munir frá 60 löndum. Með þessum myndum er lokið tveim þriðju hlutum fyrsta áfanga í eftirprentun íslenskra málara, alls 19 af 30 myndum. Á næsta ári munu aðallega koma út myndir eftir yngri málara.

Hjartanlegar þakir til allra vina minna fyrir heim-sóknir, gjafir og skeyti á fimmtugsafmælinu.

Gamaliel Jónsson
Stað, Grindavík.

Hjartkær sonur minn og bróðir okkar

NIELS JÓNSSON

frá Gjögri andaðist 3. þ.m.

Jón Sveinsson og systkini.

Maðurinn minn

ARNI HALLGRÍMSSON

sem lézt 27. f.m. verður jarðsunninn frá Neskirkju mánu-daginn 8. þ.m. kl. 1,30 e.h. Athöfninni verður útvarpað. Fyrir mína hönd og annarra aðstandenda.

Guðrún Heiðberg.

Okkar innilegasta þakklæti færum við öllum þeim er auðsýndu okkur samúð við andlát og jarðarför eigin-konu, móður, tengdamóður og ömmu

JÓNÍNU S. JÓNSDÓTTUR

Jón Þórarinnsson, börn, tengdabörn og barnabörn.

Innilegar þakir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför

INGIBJARGAR INGVELDAR SIGURDARDÓTTUR

systur okkar og mágkonu.

Ingibjörg Sigurdardóttir, Egill Guttormsson

Signý M. Eiríksdóttir, Haraldur Sigurðsson,

Helga Jónsdóttir, Einar Sigurðsson,

Guðmundína Guttormsdóttir, Helgi Sigurðsson.

Hjartanlegar þakir til allra er auðsýndu samúð og vinarhug við andlát og útför mannsins míns

KRISTJÁNS GUÐMUNDSSONAR
frá Fáskrúðsfirði

Fyrir hönd aðstandenda.

Sigfríð Einarssdóttir.